

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ FROSTHEIMAR



YTRA MAT Á FRÍSTUNDASTARFI



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Máí 2017

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:
Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri
Valgerður Erna Þorvaldsdóttir
Hulda Valdís Valdimarsdóttir

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Frístundaheimilið Frostheimar	4
Greining.....	5
Stjórnun	8
Frístundastarf.....	10
Mannauður.....	12
Staðarbragur.....	13
Innra mat	14

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum ytra mats í Frostheimum sem fór fram í maí 2017. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar en auk þeirra tók Þóra Melsted, deildarstjóri barnastarfs í Gufunesbæ, þátt í matinu.

Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að öll frístundaheimili fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat.

Ytra matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, vettvangsathugunum í frístundaheimilinu og skriflegum gögnum frá frístundaheimilinu. Það fór að mestu fram 15.-17. maí 2017 en rýnihópur starfsmanna og viðtal við forstöðumenn fór fram 4. maí 2017.

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ FROSTHEIMAR

Frostheimar er frístundaheimili fyrir börn í 3.-4. bekk í Grandaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla. Frostheimar eru starfræktir eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur frá 13:40-17:00 og er staðsett við Frostaskjól 6.

Á heimasíðu Frostheima kemur fram að markmið starfseminnar sé tvíþætt:

Í fyrsta lagi að bjóða upp á skipulagða og metnaðarfulla tólstundadagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og hver einstaklingur fær að njóta sín.

Í öðru lagi er markmiðið að bjóða foreldrum upp á skemmtilegan og öruggan stað fyrir börn þeirra að leika sér á. Eins að foreldrar geti verið vissir um að eftirlit með börnunum sé skilvirkt og faglegt en þó á mannlegum nótum.

Einnig kemur fram að í Frostheimum leitast starfsfólk við að leiðbeina börnum í leikjum og ýmiss konar verkefnum, þar sem áhersla er lögð á samvinnu, vinskapa og skemmtun.

Forstöðumenn Frostheima eru tveir, Dóróthea Ævarsdóttir og Heba Agneta Stefánsdóttir, og aðstoðarforstöðumaður er Rósa Ingólfssdóttir.

GREINING

Frístundaheimilið Frostheimar fékk 8 stjörnur þegar viðmið um gæðastarf var metið. Stjarna þýðir að verklag í Frostheimum er til fyrirmyndar og öðrum frístundaheimilum til eftirbreytni:

- ★ Dagsskipulag og/eða dagskrá er kynnt börnum, foreldrum og starfsfólki.
- ★ Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.
- ★ Nýir starfsmenn fá ítarlega fræðslu um starfið og starfsemi frístundaheimila.
- ★ Starfsmannahandbók Frostheima inniheldur gagnlegar upplýsingar, er ítarleg og vel unnin.
- ★ Starfsfólk er ánægt með starfsanda og samskipti á starfsstaðnum.
- ★ Starfsfólki finnst það fá nauðsynlegar upplýsingar.
- ★ Starfsfólk veit til hvers er ætlast af því.
- ★ Markvisst er unnið eftir gildum frístundamiðstöðvarinnar og/eða starfsstaðarins.

Styrkleikar:

Forstöðumenn Frostheima stýra starfseminni af fagmennsku. Þeir hafa metnað í starfi og mikil jákvæðni ríkir gagnvart þeim. Þeir sjá til þess að starfsfólk fái reglulega fræðslu, skipulag er gott og starfsfólk er ávallt meðvitað um hvaða verkefni liggja fyrir. Starfsfólk upplifir að forstöðumenn skapi tækifæri til símenntunar, þeim finnst hlustað á þá og þeir eru hvattir til að koma með hugmyndir fyrir starfseminna. Upplýsingastreymi til starfsfólks og foreldra er til fyrirmyndar, traust og gott samstarf er í starfsmannahópnum, starfsfólk treystir leiðsögn stjórnenda í starfinu og lítur upp til þeirra sem fagmanna.

Frístundastarfið í Frostheimum er mjög vel skipulagt, opnunartími, starfsemi og dagsskipulag eru sýnileg og kynnt börnum, foreldrum og starfsfólki. Gott skipulag er á verkaskiptingu og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi. Vel er hugað að góðri líðan barnanna og áhersla er á góð og jákvæð samskipti innan hópsins. Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni á hverjum degi og starfsfólk er mjög virkt með börnunum, bæði í verkefnum og spjalli. Á frístundaheimilinu ríkja jákvæð viðhorf og virðing fyrir margbreytileika.

Starfsfólk fær góða fræðslu um helstu þætti starfsins í nýliðakynningu á haustin, kynningu á starfskrá frístundamiðstöðva og lögum og reglugerðum sem varða starf frístundaheimila.

Matsmenn sáu góð og hlýleg samskipti milli barna og fullorðinna á vettvangi, starfsfólk sýndi börnunum athygli og umhyggju, spjalla við þau og sýndi þeim áhuga. Góður starfsandi, jákvæðni og samvinna einkennir starfið í Frostheimum. Starfsfólk Frostheima er stolt af starfi sínu, finnst það metið að verðleikum af samstarfsfólki og yfirmönnum og finnst gaman í vinnunni. Börn finna til öryggis í frístundaheimilinu, samskiptin milli barnanna eru góð og samskipti barna og starfsfólks eru uppbyggileg.

Í foreldrakönnun kom fram ánægja með frístundaheimilið. Aðgengi að forstöðumönnum er gott og þeir leggja sig fram við að koma til móts við óskir og ábendingar foreldra. Upplýsingaflæði til foreldra er mjög gott, skipulagðar foreldrakynningar eru reglulega og foreldrar eru ánægðir með verkefni sem börnin fást við á frístundaheimilinu.

Tækifæri:

Tækifæri liggja víða þó styrkleikar séu mjög margir í starfsemi Frostheima. Dæmi um tækifæri í starfseminni eru að kynna enn frekar fyrir börnum hvaða leiðir þau hafa til að hafa áhrif á starfið. Huga má að formlegra mati á starfinu með þátttöku barna og fara af stað með þróunarverkefni. Koma mætti t.d. til móts við óskir barnanna með því að bæta við þókóvöllum og körfuboltakörfum og skilgreina og merkja hvenær útisvæðið er leiksvæði og hvenær bílastæði.

Bæta ætti hljóðvist og aðgengi fatlaðra á efri hæð aðalbyggingar og setja þurrkskáp.

Lagt er til að hafa efnivið fjölbreyttari og aðgengilegri. Sóknarfæri eru í að nýta fjölbreyttari útisvæði, vinna með náttúruskoðun og útinám og skipuleggja markvissar ferðir sem fela í sér ævintýri, óvissu og áskorun. Tækifæri eru að vinna á meiri skapandi og fjölbreyttari hátt á sumum valsvæðum, hafa sjálfsprottna leiki á fleiri svæðum og vinna með reynslunám, t.d. útivistasmiðjur, fara í rannsóknarleiðangra og velja viðfangsefni sem ýtir undir forvitni barnanna. Hægt væri að vinna enn markvissar með hugmyndir barna til að þróa og móta leiksvæði, vinna með fjölmenningu og endurskoða reglur með þátttöku barna og starfsfólks. Gagnlegt væri að útbúa skriflega áætlun um foreldrasamstarf og efla samstarf við grunnskólana enn frekar.

Niðurstöður – yfirlit:

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun stofnunar	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

Það sem vel er gert:

- Forstöðumenn stjórna af fagmennsku og hafa metnað í starfi.
- Mikil jákvæðni ríkir gagnvart stjórnendum og börn, starfsfólk og foreldrar í rýnihópum voru ánægð með samskiptin við þá.
- Starfsmenn telja sig geta haft áhrif á hvernig starfið þróast, þeir eru hvattir til að koma með hugmyndir og þeim er treyst fyrir verkefnum.
- Stefna frístundamiðstöðvarinnar er skýr, skipulag er mjög gott og hlutverk hvers og eins er skýrt.
- Fréttum af starfinu er miðlað reglulega, bæði til foreldra og starfsmanna, í tölvupósti og á fésbók.
- Starfsfólk telur sig þekkja hugmyndafræði, stefnu og gildi frístundamiðstöðvarinnar vel.
- Forstöðumenn láta sér annt um velferð starfsmanna sinna og hvetja þá og styðja í að efla sig faglega.
- Markvisst er unnið með gildi Frostheima í daglegu starfi.
- Starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir og starfsmannahandbók er aðgengileg.
- Verkferlum er fylgt og starfað er samkvæmt starfsmannastefnu og siðareglum Reykjavíkurborgar.
- Starfsmenn fá reglulega formlega endurgjöf á störf sín frá stjórnendum.
- Við nýráðningar starfsmanna er farið eftir lögbundnu ráðningarferli.
- Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur.
- Varðveisla persónuupplýsinga er góð.
- Starfsmenn fá grunnfræðslu að hausti.
- Aðgerðaráætlun liggur fyrir, er kynnt starfsmönnum og er aðgengileg á heimasíðu.
- Farið er yfir verklagsreglur varðandi öryggismál, slys og forvarnir.
- Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar er kynnt og upplýsingar um hana eru aðgengilegar starfsmönnum.
- Rýmingaráætlun liggur fyrir og hangir uppi víða í Frostheimum.
- Verklag vegna barnaverndarmála er kynnt starfsmönnum.
- Unnið er eftir miðlægum áætlunum um móttöku barna með íslensku sem annað tungumál og áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi.
- Jafnréttisáætlun er kynnt starfsmönnum á haustin.
- Upplýsingagiöf til starfsfólks, barna og foreldra er góð.
- Barnaráð er starfandi og er opið fyrir öllum áhugasömum.
- Litið er á foreldra sem samstarfsaðila og foreldrum er boðið upp á viðtöl við stjórnendur.
- Samstarf við hagsmunaaðila í grenndarsamfélaginu er gott.
- Samstarf er gott við skólana í hverfinu.
- Frostheimar taka þátt í samstarfi í hverfinu.
- Unnið er að þróun, nýbreytni og umbótum í starfinu út frá niðurstöðum foreldrakannana og starfsmannakannana.
- Námskeið og fræðsla eru í boði fyrir starfsmenn á hverju ári.
- Vikulegir fundir og fræðsla er hluti af starfseminni.

Tækifæri til umbóta:

- Tækifæri eru í því að kynna enn frekar fyrir börnum hvaða leiðir þau hafa til að hafa áhrif á starfið og auka áhrif barna varðandi það hvað er í boði hverju sinni í vali.
- Mikilvægt er að rýmingaræfingar séu reglulega með börnum og starfsfólki.

- Efla samstarf við grunnskólana enn frekar.
- Huga má að enn formlegra mati á starfinu með þátttöku barna.
- Tækifæri liggja í að fara af stað með þróunarverkefni eins og markmið forstöðumanna er.

Það sem vel er gert:

- Frístundastarfið í Frostheimum er mjög vel skipulagt.
- Gott skipulag er á verkaskiptingu og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi.
- Dagskrá er uppfærð daglega á töflu í anddyri frístundaheimilisins og upplýsingar eru sendar til starfsmanna á fésbók.
- Upplýsingagjöf til foreldra er með skipulögðum hætti.
- Börnum í 2. bekk í grunnskólum hverfisins er boðið að koma á kynningu í Frostheimum.
- Góð samfella er í degi barnsins og mikil ánægja foreldra með fyrirkomulagið.
- Heimasíða Frostheima er mjög aðgengileg og auðvelt er að finna upplýsingar.
- Á vettvangi sáu matsaðilar að starfsfólk var alltaf sýnilegt á útisvæðum.
- Húsnæði Frostheima er almennt bjart, heimilislegt og snyrtilegt.
- Hugað er að því að koma til móts við þau börn sem komast aldrei/sjaldan í val sem þau hafa áhuga á.
- Vel er hugað að góðri líðan barnanna og áhersla er á góð og jákvæð samskipti innan hópsins.
- Starfsmenn eru til staðar fyrir börnin þegar þau þurfa á því að halda og leggja sig fram um að spjalla við börnin.
- Einstaklingsáætlanir fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning eru endurskoðaðar reglulega.
- Í Frostheimum er unnið að því að efla börnin í að koma fram.
- Foreldrar eru ánægðir með fjölbreytta dagskrá frístundaheimilisins.
- Verkefni sem ná yfir lengri tíma eru í boði í frístundaheimilinu.
- Unnið er markvisst með hreyfingu utan og innan dyra.
- Boðið er upp á hollan mat en vikulegur matseðill með fjölbreyttri hressing er alltaf gefinn út fyrirfram.
- Leitast er við að þjálfa börnin í að verða sjálfstæð í athöfum daglegs lífs.
- Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra.
- Börnin hafa val um frjálstan leik og skipulagt starf og komið er til móts við þau þegar þau vilja skipta um viðfangsefni.
- Gefin eru út fréttabréf reglulega með börnunum og foreldrar fá þau send í tölvupósti.
- Á vettvangi sást að starfsfólk gefur sér góðan tíma til að spjalla við börnin og taka þátt í umræðum og leikjum.
- Starfsmenn reyna að taka mið af áhuga og styrkleikum barna, sérstaklega í leiklistarhópi og stuttmyndagerð.
- Ánægja er meðal foreldra með frjálssa mætingu og frjálstan heimferðartíma eftir kl 15:00.
- Málefni líðandi stundar eru tekin fyrir, t.d. í samverustundum, þemaverkefnum, jólamarkaði, fjölmenningsvikunni og réttindagöngu barna.
- Unnið er með hugmyndafræði og aðferðir barnalýðræðis með barnaráði, samverustundum og með hugmyndakassa.
- Fundargerði barnaráðsfunda eru skráðar og eru aðgengilegar á sameign.
- Á frístundaheimilinu ríkja jákvæð viðhorf og virðing fyrir margbreytileika.
- Einstaklingsáætlun er gerð fyrir börn sem þurfa á stuðningi að halda, þær kynntar starfsfólki og foreldrar skrifa undir.
- Upplýsingar til foreldra með annað móðurmál en íslensku eru aðgengilegar á heimasíðu frístundaheimilis.
- Hugað er að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu til þátttöku.
- Lögð er áhersla á að tryggja að starfsmenn þekki börnin vel, sérstaklega þau sem halda sig til hlés.

Tækifæri til umbóta:

- Gagnlegt væri að á heimasíðu væri sýnishorn af dagskrá frístundaheimilisins.
- Huga mætti að því að skilgreina og merkja hvenær útisvæðið er leiksvæði og hvenær bílastæði.
- Koma ætti til móts við óskir barnanna með því að bæta við pókövöllum og körfuboltakörfum.
- Bæta ætti aðgengi fatlaðra á efri hæð aðalbyggingar.
- Bæta ætti hljóðvist í aðalbyggingu Frostheima.
- Bæta ætti við þurrskáp í aðalbyggingu Frostheima.
- Lagt er til að efniviður sé fjölbreyttari og aðgengilegri.
- Í fjölmönnum hópi barna væri gagnlegt að gera tengslakönnun.
- Í rýnihópi foreldra kom fram að huga mætti að því að hafa fleiri verðlaun í boði en ein í *Frostheimar got talent*, þannig væri lögð áhersla á hæfileika í fjölbreyttu ljósi.
- Sóknarfæri eru í að nýta fjölbreyttari útisvæði og vinna með reynslunám, fara í náttúruskoðun og vinna með útinám og skipuleggja í tengslum við það markvissar ferðir sem fela í sér ævintýri, óvissu og áskorun.
- Tækifæri eru að vinna á meiri skapandi og fjölbreyttari hátt á sumum valsvæðum.
- Hafa mætti sjálfsprotna leiki á fleiri svæðum og tryggja að fjölbreytt leikefni sé aðgengilegt.
- Leita leiða til að börnin fái að fylgja eftir sinni hugmynd, frá hugmynd til framkvæmdar.
- Skrá ætti formlega hvernig börn koma að ákvarðanatöku í starfinu og kynna það betur fyrir starfsfólki.
- Leita leiða til að auka áhrif barnanna á mótun viðfangsefna.
- Leita ætti eftir sjónarmiðum barna við stefnumótun og starfsáætlunarvinnu.
- Tækifæri að skrá og vinna að því að ná til barna sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Sóknarfæri liggja í því að efla markvisst samstarf við grunnskólana vegna móttöku barna með íslensku sem annað tungumál.
- Vinna mætti enn frekar með fjölmenningu í frístundaheimilinu.

Það sem vel er gert:

- Fræðsla fyrir nýja starfsmenn er til fyrirmyndar.
- Ítarlega starfsmannahandbók liggur fyrir, þar sem m.a. er farið yfir hlutverk og ábyrgð starfsmanna.
- Starfsfólk er hvatt til að nýta hæfileika sína, þekkingu og áhugamál í starfi.
- Gott samstarf er á milli starfsfólks.
- Starfsfólk fær stuðning hvert frá öðru og frá stjórnendum.
- Boðið er upp á fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk á vegum frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar.
- Starfsfólk sýnir börnunum athygli og virðingu og notar virka hlustun í samskiptum við börnin.
- Góður starfsandi, jákvæðni og samkennd einkenna starfið í Frostheimum.
- Starfsmenn eru ánægðir með samskiptin við stjórnendur og bera mikið traust til þeirra.
- Starfsfólk er stolt af starfinu og hefur trú á gæðum þess.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni og finnst starfið skemmtilegt.
- Starfsfólk fær endurgjöf og hrós frá stjórnendum.
- Starfsfólk hjálpast að og hrósar hvert öðru.
- Starfsfólki finnst gætt jafnræðis og jafnrétti kynjanna er virt í starfsmannahópnum.
- Starfsfólk er ánægt með vinnuaðstöðuna.
- Upplýsingastreymi er til fyrirmyndar.
- Starfsfólk finnst það fá allar nauðsynlegar upplýsingar um starfið og veit til hvers er ætlast af því.

Tækifæri til umbóta:

- Engin sérstök tækifæri eru til umbóta.

Það sem vel er gert:

- Markvisst er unnið með gildi frístundaheimilisins í hverjum mánuði. Gildin eru sýnileg og börnin þekkja þau.
- Starfsemin einkennist af metnaði, jákvæðu andrúmslofti, umburðarlyndi og virðingu.
- Áhersla er á að taka vel á móti börnunum og kveðja við brottför.
- Starfsfólk tekur vel á móti gestum og á hverjum degi hefur einn starfsmaður það hlutverk að vera í anddyri frístundaheimilisins til að taka á móti börnunum og gestum.
- Samvinna og samábyrgð einkennir liðsandann.
- Virðing er borin fyrir fjölbreytileika og starfsfólk hefur trú á getu og hæfni barnanna.
- Samkvæmt börnum í rýnihópi líður öllum vel í Frostheimum, á vettvangi voru börn glaðleg og ánægð.
- Börn finna til öryggis og milli þátttakenda í starfinu ríkir gagnkvæm virðing og samkennd.
- Samskiptin milli barnanna eru góð og samskipti barna og starfsfólks eru uppbyggileg.
- Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir barnanna.
- Starfsfólk veitir börnunum athygli og börnin eiga greiðan aðgang að starfsmönnum.
- Í starfseminni gilda skýrar og samræmdar reglur sem börn og starfsfólk þekkja.
- Viðhorf foreldra í rýnihópi til starfsfólks og starfseminnar í Frostheimum er mjög jákvætt.
- Ánægja kom fram í rýnihópnum varðandi samskipti og viðmót starfsfólks og forstöðumanna.
- Aðgengi að forstöðumönnum er gott og stjórnendur leggja sig fram við að koma til móts við óskir og ábendingar foreldra.
- Boðið er uppá viðtöl við stjórnendur fyrir þá foreldra sem vilja nýta sér það.
- Á heimasíðu er foreldrahandbók með gagnlegum upplýsingum.
- Skipulagðar foreldrakynningar eru reglulega, fyrir foreldra barna í 2. bekk í maí, og almenn kynning á starfsemi Frostheima á haustin.
- Foreldrar eru ánægðir með verkefnin sem börnin fást við á frístundaheimilinu og telja þau fjölbreytt.
- Mikil ánægja er meðal foreldra í rýnihópi varðandi samfellu í degi barnanna og samvinnu frístundaheimilisins við aðra aðila sem koma að tómsfundum barna í grenndinni.
- Ánægjan er með þann sveigjanleika sem boðið er upp á með frjálsri mætingu og frjálsri heimferð eftir kl 15:00.
- Foreldrum finnst börnin vera örugg á frístundaheimilinu og telja að þeim líði vel.

Tækifæri til umbóta:

- Tækifæri eru í að endurskoða reglur frístundaheimilisins með þátttöku barna og starfsfólks.
- Gera ætti skriflega áætlun um foreldrasamstarf.
- Senda mætti foreldrum og starfsmönnum í vikupóstum upplýsingar um það sem er ofarlega á baugi í barnamenningu hverju sinni, eins og t.d. benda á útivistartíma, ný smáforrit eða greinar sem fjalla um málefni barna.

INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í frístundastarf.